

Ed.

445. Nefndarálit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1931.

Frá fjárveitinganefnd.

Enn sem fyrr hefir nefndinni verið það ljóst, að fyllsta þörf væri á því að hraða afgreiðslu fjárlaganna í Ed. 76 dagar voru liðnir frá þingsetningu, er frv. var lagt fyrir deildina til 1. umr. Er þessa ekki getið hér til að áfella Nd. fyrir seinlæti — enda að þessu sinni sérstakar og öldungis óvanalegar tafir og truflanir í þinginu, er stöfuðu af lokun Íslandsbanka —, heldur er á þetta dregið til stuðnings þeirri skoðun nefndarinnar, að hraða þyrfti afgreiðslu fjárlaganna í Ed. svo sem frekast væri nnt, ef þing setti ekki að standa óhæfilega lengi.

Enda þótt fjvn. hafi lokið tillögum sínum til annarar nmr. aðeins tveim sólarhringum eftir að deildin hafði vísað frv. til nefndarinnar, þá ber þó eigi að líta svo á, að störf nefndarinnar hafi eingöngu verið unnin á þeim tíma.

Í Nd. var tekin upp sú nýbreytni, að eldhúsdagsumræður færu ekki fram fyrr en við 3. umr. fjárl. að lokinni atkvæðagreiðslu. Af þessari breytingu leiddi það, að fjvn. Ed. gat fengið frv. fullbúið frá Nd. 10 dögum fyrr en ella hefði orðið. Nefndin reyndi að nota vel þennan tíma, enda hafði áður lesið yfir margt af þeim skjölum, er fyrir lágu.

Í fjárlagafrv. því, er stjórnin lagði fyrir þingið, voru útgjöld áætluð 12216600 kr. Við meðferð Nd. hækkuð raunveruleg útgjöld um nálægt 536000 kr. Við athugun frv. kemur í ljós, að hækkun þessi skiptist þannig, talið í heilum þúsundum:

1. Leiðréttingar	c. kr. 100000
2. Samgöngumál... ..	- — 200000
3. Verklegar framkv....	- — 75000
4. Skólar	- — 70000
5. Launabætur	- — 10000
6. Persónulegir styrkir	- — 45000
7. Líknarstarfsemi	- — 12000
8. Ýmislegt	- — 24000
Samtals ...	kr. 536000

Þar sem útgjöld í frv. eru eftir tillögum Nd. áætluð nál. 12800000 kr., eða uál. 870000 kr. hærrí en í gildandi fjárlögum, og þar sem nefndinni er það ljóst, að eðlilega hljóta einhver útgjöld að bætast við í Ed., þá virtist nefndinni það bein skylda sín að gera tilraun til að draga úr þeim útgjöldum, sem þegar voru komin í frv. En nefndinni er óljúft að ráðast á nauðsynlegar verklegar framkvæmdir, fyrr en í síðustu lög. Ganga því lækkunartillögur nefndarinnar að þessu sinni aðallega út yfir persónustyrki og annað það, sem frekast má telja líks eðlis. Þess skal þó getið nm stóran framkvæmdalið (13. gr. D., til Flugfélags Íslands

70000 kr.), að til orða kom að fella þann lið burtu, þótt ákvörðun sé frestað til 3. umræðu.

Verður svo hér á eftir gerð grein fyrir helztu breytingartillögum nefndarinnar, eða meiri hl. hennar, því að um ýmsar tillögur gat nefndin ekki öll orðið sammála.

12. gr.

Nefndin verður að leggja á móti því, að þingið veiti einstaklingum sjúkrastyrki. Þó er nefndinni ljóst, að margir kenna þeir menn að vera í landinn, er kæmi vel og jafnvel hefðu brýna þörf fyrir þessháttar hjálp, en nefndin telur ekki líkur til þess, að þingið hafi aðstöðu til að beita réttlæti í þessum efnum. Það verður handahóf, hverjir nm slíka styrki sækja, og getur einnig orðið handahóf, hverjir af nmsækjendum yrðu teknir til greina. Þess vegna leggur nefndin til, að niður falli sjúkrastyrkur til Unnar Vilhjálmsdóttur, 1000 kr., og styrkur til Lúðvigs Guðmundssonar til að leita sér lækninga erlendis, 2000 kr.

14. gr.

Við þessa gr. hefir nefndin gert 14 brtt. eru 5 þeirra nú að fella í burt styrki til náms erlendis.

Þar sem nú og að nndanförrn hafa verið ætlaðar árl. í fjárlögum 24000 kr. til styrktar ísl. stúdentum í erlendnm háskólnm, og auk þess eru nú ætlaðar 12000 kr., sem menntamálaráðið úthlutar til ýmiskonar náms erlendis, þá verður nefndin að leggja á móti því, að þingið sé auk þessa að úthluta sérstöknm einstaklingsstyrkjnm í sama angnamiði. Enda var það ásetningur þingsins, er það lagði til upphæð þá, er menntamálaráðið úthlutar, að á þann hátt losaðist þingið algerlega við úthlntun erlendra námsstyrkja, með allri þeirri tímatöf og handahófi, er því fylgir.

Nefndin leggur til, að niður falli byggingarstyrkur til Hallgrímskirkju í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd, 3000 kr., fyrsta greiðsla af þremnr. Gert er ráð fyrir, að sú bygging kosti 45 þús. kr. Til er nú í peningum og greiðsluforðnm aðeins helmingur þeirrar upphæðar (c. 23000 kr.). Telur nefndin því of snemmt að ráðast í þá framkvæmd fyrr en meirn fé hefir verið safnað.

Þá leggur nefndin til, að rekstrarstyrkur til rannsóknastofu háskólans verði ákveðinn í einu lagi 6000 kr. Taldi nefndin ekki óseinnilegt, að sameina mætti forstöðn stofunnar við forstöðu rannsóknastofu í þarfir atvinnveganna (sbr. lög nr. 17, 14. júní 1929), og gerir þá jafnvel ráð fyrir, að samningar geti tekizt við Níels P. Dungal nm forstöðnna.

Nefndin leggur til þrennskónar hækkun til skólanna: Iðnskólans í Reykjavík til framh.náms 1500 kr., Eiddaskóla til vatnsleiðslu 9000 kr., og Langaskóla npp í kostnað við að reisa leikfimiús, 1000 kr.

Alla þessa liði telur nefndin mjög nanðsynlega.

Nefndin leggur til, að allmargir námsstyrkir og rithöfundastyrkir falli brnt af þessari grein, með því að hún lítur svo á, að Alþingi eigi ekki að hafa slíka úthlntun með höndum; bæði sé hún of tímaftek fyrir þingið og stórhætta sé á, að það verði með því móti teningskast, hverjir hreppi styrkina, og loks séu

takmörk fyrir, hvað þingið megi veita í þessu skyni. Eðlilegast sé, að meuntamálaráðið úthlenti slíkum styrkjum, að því leyti sem þingið sér fært að veita fé til.

Þá virðist það mjög óeðlilegt, að nngir rithöfnndar, svo sem Gnðmundur Kamban, séu settir í 18. gr. á bekk með gömlum rithöfnndum, og er því lagt til, að hann sé flattur í 15. gr.

16. gr.

Atvinnuáráðherra gaf þær upplýsingar, að ekki yrði hjá því komizt að hækka liðinn til landmælinga nm 10000 kr., svo sem hér er gert ráð fyrir.

Nefndin leggur til, að styrkur til Fiskifélags Íslands sé lækkaður nm 10 þús. kr. Byggir nefndin þessa tillögn sína á því, að Fiskifélagið hefir á nndanförnum árum varið nokkrn fé til styrktar fyrirtækjum, sem heyrir beint undir þingið að leggja fé til, ef þæn á annað borð eru styrkt. Má þar til nefna, að Fiskifélagið varði nm 27 þús. kr. árið 1929 til slíks, og skuln hér nefndar nokkrar upphæðir sem dæmi um styrkveitingar félagsins frá því ári:

Slysavarnafélag Íslands	kr. 6000
Bryggja á Akranesi	— 2000
Þorlákshöfn	— 3897
Brimbrjótnr í Bolungavík	— 5000
Skálar á Langanesi	— 5000
	<hr/>
	Kr. 21897

Verður ekki betnr séð en Fiskifélagið hafi með tilgreindum fjárveitingum gengið inn á valdsvið Alþingis, þar sem þingið hefir veitt fé til lendingarbóta og bryggjingerða, og slysavarnafélag Íslands nýtnr allvernlegs styrks hjá ríkinu.

Lagt er til, að 22. liðnr 16. gr. sé snndurliðaður í tvo staflíði: lann skipaskoðunarstjóra, kr. 6800, og skrifstofnkostnaður hans, kr. 5000. Er það gert í samræmi við lög nr. 20, 14. júní f. á. Jafnframt er lagt til, að niðnr falli liðnrinn 11. gr. A. 8, kr. 1000.

Nefndin telur, að árangur af starfsemi »Mjallare« í Borgarnesi sé mjög vafasamur. Leggur því til, að styrknr ss, sem henni er ætlaður, kr. 6000, falli niður.

Þá lítur nefndin svo á, að Kvenfélagasamb. Ísl. hafi ekki nægilega búið sig undir þá starfsemi, er það byggst að framkvæma. Vill því ætla þessn félagasambandi 2000 kr., til undirbúnings starfsemi sinni, en ætlar fjórðungasamböndnnm líkan styrk og að nndanförrnn.

17. gr.

Fyrir lágn umsóknir um styrk til gamalmennaheimila í Reykjavík, Ísafirði og Seyðisfirði. Nefndin viðnrkennir tilgang þessarar starfsemi og leggur til, að elliheimilinn Grunnur í Reykjavík verði veittar 10000 kr., en gamalmennahælum á Ísafirði og Seyðisfirði 1000 kr. hvorn.

Þá leggur nefndin til, að slysavarnafélaginn og sjúkrasjóðum þeim, sem styrks njóta, sé gert að skyldu að senda stjórnarráðinn skýrslur um starfsemi

sina, og að skilyrði fyrir styrk til einstakra sjúkrasjóða sé, að þeir fái jafnmikið fé frá öðrum.

22. gr.

Nefndin leggur til, að niður falli ábyrgðir fyrir raforkuveitulánum á Siglufríði og í Súðavíknrhreppi. Þar sem rannsókn stendur yfir um raforkuveitumál landsins, þá telur nefndin ekki rétt, að ríkið stuðli að þessum framkvæmdum nú.

23. gr.

Ef snjóbífreið sú, sem þegar hefir verið keypt, gefur góða raun, leggur nefndin til, að keyptar verði tvær snjóbífreidar til vörnflutninga, og ætlast til þess, að önnur verði notuð á Holtavörðnheiði, en hin á Fagradal.

Fyrir ýmsum breytingartillögum, sem hér eru ekki nefndar, verður gerð grein í framsögu.

Alþingi, 7. apríl 1930.

Jón Jónsson,
form.

Páll Hermannsson,
fundaskr. og frsm.

Ingibjörg H. Bjarnason.

Eringnr Friðjónsson.

Jóh. Jóhannesson.